

Dags. fundar: 25. Janúar 2016.	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 57
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Fundarritari: Björn Valdimarsson.	Staður: Pálstofa Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Erindi frá Ingibjörgu Elfu L Stefánsdóttur
2. Skipun á nýjum Formanni DMT til bráðabirgða.
3. Kæra sem barst frá SSÍ vegna lágmarka sem notuð voru á ÍM 25.
4. Dómaramál á RIG 2016.
5. Dómaraskóli FINA sem til stendur að halda vorið 2016.
6. Umsóknir á EM 50 í London dagana 16-22 Maí 2016
7. Önnur mál

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, , Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Jón Hjaltason og Elsa María Guðmundsdóttir (í gegnum Skype).

Boðuð forföll: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Ólafur Baldursson og Hilmar Th. Björgvinsson,

Dagskrá:

1. Erindi Ingibjargar E. L. Stefánsdóttur tekið fyrir og samhljóða samþykkt að veita henni leyfi frá störfum hjá DMT.
2. Óskaði nefndin eftir Jón Hjaltason gegni formennsku DMT nefndar tímabundið í fjarveru Ingibjargar.
3. Tekið fyrir kærumál vegna rangra upplýsinga sem fylgdu skráningu inn á ÍM 25 haustið 2015. Við skoðun á mótinu komu fram vísbendingar um að tími sem gefinn var upp kom úr blönduðu boðsundi 8x50 metrar þar sem 6 stúlkur og tveir drengir tóku þátt. Þessi sundgrein telst í skilningi á reglum FINA og SSÍ ekki lögleg og hefði ekki átt að undirrita í greinum mótsins. Yfirdómari mótsins mun hafa kvittað fyrir greininni þrátt fyrir að hún væri ólögleg og félagið/þjálfari notað tímann sem lágmark inná ÍM 25. DMT nefndin lítur þetta atvik alvarlegum augum, en nefndin tók afstöðu til hlutverks yfirdómara á þessum mótshluta. DMT nefndin leggur til að yfirdómara mótsins verði veit tiltal bréflaga eins og kemur fram í fylgiskjali 1 sem fylgir þessari fundargerð. Fylgiskjal 2 verður bréf til allra yfirdómara um skyldur þeirra á mótum.
4. Dómaramál á RIG 2016. Framkvæmnd mótsins var í höndum Sundfélagsins Ægis og SSÍ. Síðarnefndi SSÍ sá um að auglýsa eftir dómurum á mótið og skrá, margar auglýsingar voru sendar út. Dómarar frá Ægi skiluðu sér mjög illa á mótið en staða annara félag var mun betri. Hlutar mótsins voru með lágmarks mannskap og er það miður þegar um alþjóðlegt mót er að ræða þar sem mikið er undir hjá sundfólkinu.

5. Dómara skóli FINA sem SSÍ sótti um að fá til okkar er enn til vinnslu hjá FINA þar sem fyrsta tímasetning hennar gat ekki orðið vegna skorts á gistirými. Tvær helgar eru í vinnslu í Apríl 2016. Leiðbeinendur yrðu Ms. Carol Zaleski og Mr. José de Jesús bæði úr sundtækninefnd FINA.

6. Umsækjendur á EM 50 í London 16.-22. maí 2016. Björn Valdimarsson vék af fundinum meðan þessi liður væri til umræðu hjá nefndinni. DMT fór yfir ferilskrár umsækjanda og eftirfarandi tillögur voru gerðar. 1. Björn Valdimarsson FINA lista #17 fyrsta val. 2. Haraldur Hreggviðsson FINA lista #17 annað val. Tillaga um að Sarah Buckley FINA lista #17 fari sem ræsir á Smáþjóðaleikanna 2017 í San Marino.

7. Önnur mál. ÍRB hefur sett á unglíngamót helgina fyrir Gullmót KR sem er alþjóðlegt mót fyrir þennan sama hóp, mót með alþjóða viðurkenningu FINA. Þessi ákvörðun þykir mjög óheppileg. Sunddeild KR heldur eingöngu eitt mót á hverju sundári. Hvað sjá ÍRB eða SSÍ að hægt sé að gera? Elsa María benti á að mörg félög þurfi að skila inn sínum tillögum af mótahaldi snemma árs vegna komandi sundárs. Björn benti á að umræða hefði farið fram innan Reykjavíkurfélaganna um að félagin myndu halda eitt mót sem þau fengju staðfest og seinna mótið ef til kæmi þá jafnvel sem sameiginlegt mót félaganna.

Yfirdómarfundur á ÍM 50. Vegna mála sem hafa komið inn á borð nefndarinnar er orðið nauðsynlegt að yfirdómarfundur fari fram svo megi skerpa línur svo að allir séu að vinna eins á hverju móti.

Einhverjir dómara hafa kvartað undan því að allt of margir póstar berist þeim vegna óska dómara á mót. Meðal annars var bent á að hægt væri að færa þá dómara sem þegar hafa svarað auglýsingu úr næstu póstum. Umræða fór fram um þetta en nefndin sér ekki hvernig hægt er að einangra nöfn úr auglýsingum.

Fundargerðir DMT vegna 2015 hafa ekki verið birtar á heimasíðu SSÍ. Þarf SSÍ að gefa út nýtt skipunarbréf vegna nefndarinnar.

Rætt var um aðstöðu dómara í húsakynnum Laugardalslaugar í kjallara sem framtíðar aðstöðu fyrir tæknifundi og dómarafundi. Þetta herbergi er eingöngu notuð sem geymsla. Í samtali við forstöðumann laugarinnar er það ÍBR/ÍTR sem verða að leyfa það. Spurning er hvort SSÍ geti lagt þessu máli lið.

Fylgiskjöl: 3

Fundi slitið kl: 19.03.

Næsti fundur: Verður boðaður af formanni fljótlega.